

Nefndarsvið Alþingis


Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (tímabundin fjölgun starfslauna og styrkja).

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs fagnar tímabundinni fjölgun starfslauna og styrkja frá mennta- og menningarmálaráðherra, en gerir tvær athugasemdir við frumvarpið.

1. gr.

Athugasemd er gerð við að mjög fá mánaðarlaun bætast í launasjóð hönnuða/arkitekta í tímabundinni fjölgun starfslauna, þrátt fyrir að hlutfallshækkun sé 50%, enda er hann langminnstur starfslaunasjóða, margfalt minni en sjóðir annarra greina.

Eins og fram kemur í frumvarpinu þá hefur breyting Myndlista- og handíðaskólans í Listaháskóla Íslands árið 1999 m.a. leitt til þess að mun fleiri sækja sér menntun í listum og gera að atvinnu sinni en þar vegur fjölgun hönnuða og arkitekta þýngst, s.b. meðfylgjandi mynd sem byggð er á gögnum frá LHÍ.



Misjafnt er hvaða möguleika listamenn hafa til að afla sér tekna með listsköpun sinni en sjálfstætt starfandi hönnuðum sem rannsakendum og frumskapendum í list og nýsköpun hefur fjölgað í réttu hlutfalli við fjölgun útskrifaðra hönnuða og arkitekta á Íslandi og í takti við þróun greinanna sem leiðandi frekar en þjónandi. Tækifæri þeirra til að sækja um listamannalaun hafa ekki aukist samhliða þeim vexti.

Greinargerð

Í greinargerðinni stendur:

„Í könnun sem Bandalag íslenskra listamanna stóð að kom í ljós að allar listgreinar hafa orðið fyrir tjóni, en tónlistarflytjendur og sviðslistafólk sýnu mest. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir því að hlutfallsskipting starfslauna árið 2021 taki mið af þeim listgreinum sem hardest hafa orðið úti í heimsfaraldri kórónuveiru á árinu 2020.“

Gerð er alvarleg athugasemd við að þess var ekki gætt að hönnuðir og arkitektar tækju þátt í þessari könnun og þess vegna lágu alls ekki fyrir upplýsingar um áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru á stöðu sjálfstætt starfandi hönnuða og arkitekta þegar frumvarpið var unnið og skipting á milli greina var ákveðin. Ekki var heldur haft samráð við fulltrúa hönnuða við vinnslu frumvarpsins eða ákvarðanatöku vegna breytinga á hlutfallsskiptingunni.

Í könnun sem Miðstöð hönnunar og arkitektúr gerði í apríl 2020, um áhrif Covid-19 á starfsemi á sviði hönnunar og arkitektúrs þar sem 483 svör bárust frá starfandi hönnuðum og arkitektum, kom fram að greinarnar höfðu þá þegar orðið fyrir verulegu tekjufalli og breytingum á verkefnastöðu sem líkleg er til að leiða til enn frekara tekjufalls.

Breytingar á tekjum einstaklinga

50%
hönnuða og arkitekta
hafa misst helming
til allar tekjur sínar



50% hafa lækkað um 50-100%
20% hafa lækkað um 20-50%
30% finna óverulega lækkun

Breytingar á verkefnastöðu einstaklinga og fyrirtækja

70%
verkefna er frestað, hætt
eða minnka verulega



40% frestað eða hætt við
30% dregið verulega úr
30% óbreytt

Hönnunarmiðstöð Íslands í apríl 2020

Niðurstöðu könnunarinnar má kynna sér á heimasíðu Miðstöðvarinnar:

<https://www.honnunarmidstod.is/ha-frettir/alvarlegar-aflei%C3%B0ingar-a-honnun-og-arkitektur--ni%C3%B0ursto%C3%B0ur>